

130. löggjafarþing 2003–2004.
Þskj. 535 — 399. mál.

**Svar heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra
við munnlegri fyrirspurn á Alþingi um heilsugæsluna á Þingeyri
frá Sigurjóni Þórðarsyni.**

Háttvirtur þingmaður Sigurjón Þórðarson spyr hvort heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra muni beita sér fyrir því að Dýrfirðingar fái betri heilbrigðisþjónustu, t.d. með því að ráðinn verði hjúkrunarfræðingur til starfa á heilsugæslustöðinni á Þingeyri.

Áður en ég reyni að svara þessari spurningu beint vil ég taka það fram að á Þingeyri líkt og annars staðar á landinu er eins og kostur er reynt að tryggja íbúunum nauðsynlega heilbrigðisþjónustu sem þeim ber samkvæmt lögum. Þetta er gert með skipulagi heilbrigðisþjónustunnar sem á hverjum stað er reynt er að haga eins og best þjónar hagsmunum heildarinnar og íbúum á viðkomandi svæði.

Heilsugæslustöðin á Þingeyri við Dýrafjörð heyrir undir Heilbrigðisstofnun Ísafjarðarbæjar en miðað er við að hjúkrunarfræðingur og læknir hafi þar aðsetur. Frá árinu 1998 hefur hjúkrunarfræðingur hins vegar ekki haft fasta búsetu á Þingeyri. Samkvæmt upplýsingum framkvæmdastjóra Heilbrigðisstofnunarinnar hefur ítrekað verið auglýst eftir hjúkrunarfræðingi og leitað hefur verið aðstoðar ráðningarþjónustu við að fá hjúkrunarfræðing til starfa. Því miður hefur þetta ekki borið árangur og enginn hjúkrunarfræðingur sótt um starfið enn sem komið er, þrátt fyrir að starfsaðstaða sé öll hin besta í nýlegu húsnæði heilsugæslustöðvarinnar.

Háttvirtur þingmaður spyr hvort ráðherra muni beita sér fyrir betri heilbrigðisþjónustu til handa Dýrfirðingum, t.d. með því að ráðinn verði hjúkrunarfræðingur þangað. Sem kunnugt er, þá annast framkvæmdastjórar heilbrigðisstofnana allar mannaáráðningar og svo er einnig í þessu tilviki. Eins og áður segir, er mér kunnugt, að ítrekað hefur verið leitað eftir hjúkrunarfræðingi til Þingeyrar. Það er heldur ekki svo að Dýrfirðingar séu án hjúkrunarfræðings, því hjúkrunarfræðingur frá Flateyri hefur sinnt þeim þann tíma sem hjúkrunarfræðingur hefur ekki verið á staðnum, þar með talið skólaheilsugæslu, mæðravernd, ungbarnaeftirliti og lyfjatiltekt á hjúkrunardeild.

Eins og fram er komið er starfsaðstaða við heilsugæslustöðina á Þingeyri góð, í nýlegu húsnæði og stöðin er ágætlega tækjum búin. Þar er einnig læknisbústaður og íbúð fyrir hjúkrunarfræðing. Öll aðstaða er því fyrir hendi en vandinn er að fá fólk til starfa sem vill búa á staðnum. Ég bind vonir við að auknir möguleikar fólkt til að sækja sér menntun án þess að flytja úr sinni heimabyggð geti haft áhrif til þess að efla byggðir landsins meðal annars með því að tryggja þeim menntað fólk til starfa. Þess má til dæmis geta að haustið 1998 hófst kennsla í hjúkrunarfræði á Ísafirði frá Háskólanum á Akureyri með notkun myndfundabúnaðar. Tíu nemendur búsettir á Ísafirði luku námi í hjúkrunarfræði vorið 2002 og þeim á eflaust eftir að fjölga í hópi heimamanna sem afla sér þessarar menntunar og kjósa að starfa í sinni heimabyggð.

Undanfarin ár hefur lækni setið á Þingeyri eins og ráð er fyrir gert. Síðast liðið sumar fór heilsugæslulæknirinn þar hins vegar í námsleyfi, gagngert til að ná sér í sérfræðiréttindi í heimilislækningum. Í fjarveru hans er lækniþjónustunni sinnt frá Ísafirði og Flateyri og heimsækir lækni Þingeyri að jafnaði tvisvar í viku.

Ég vona að háttvirtur þingmaður hafi með þessu fengið fullnægjandi svar við fyrirspurninni.

(Talað orð gildir)